



INNFLUTNINGUR BÚFJÁRAFURÐA VERKLAGSREGLUR EMBÆTTIS YFIRDÝRALÆKNIS

INNGANGUR

Yfirdýralæknir hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, erfðaeftnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs, skv. lögum nr. 68/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Embætti sérgreinadýralæknis inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða var stofnað með nýjum dýralæknalögum 1998, og ráðið var í stöðuna 15. september 1999. Hlutverk þessa starfs innan embættis yfirdýralæknis er að halda utan um allan inn- og útflutning sem undir embættið heyrir. Um er að ræða mjög viðamikinn málaflokk sem tekur til allra vörutegunda og dýra er geta hugsanlega borið með sér smitefni, hættuleg íslenskum dýrum og jafnvel fólki.

Meginmarkmiðið með inn- og útflutningseftirliti embættis yfirdýralæknis er að tryggja að smitefni og lyfjaleifar, hættuleg dýrum eða mönnum berist ekki til landsins með dýrum, búfjárafurðum eða ferðamönnum og tryggja að útfluttar búfjárafurðir, og lifandi dýr uppfylli kröfur móttökulandsins.

Samkvæmt lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, er allur innflutningur búfjárafurða bannaður. Landbúnaðarráðherra er því aðeins heimilt að veita undanþágu frá banni þessu að jákvæðri umsögn yfirdýralæknis liggja fyrir.

Forsendur slíkrar umsagnar eru byggðar á áhættumati sem embættið framkvæmir. Við framkvæmd áhættumats aflar embættið allra fánlegra upplýsinga um dýrasjúkdómastöðu viðkomandi lands.

Í ljósi sérstöðu Íslands, hvað varðar dýrasjúkdóma, metur embættið síðan hvort smitefni, hættuleg dýrum eða mönnum geti borist til landsins, með viðkomandi vöru.

Mest er stuðst við gögn frá viðkomandi landi, þ.e.a.s. þarlandum dýralæknaýfirvöldum og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE) auk annarra alþjóðastofnanna á sviði dýrasjúkdóma.

INNFLUTNINGUR BÚFJÁRAFURÐA

1. Núgildandi lög og reglur um innflutning á landbúnaðarvörum.

Reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins, er sett með stöð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Samkvæmt reglugerð er landbúnaðarráðherra heimilt að leyfa innflutning á vörum sem bannað er að flytja inn, að fenginni jákvæðri umsögn yfirdýralæknis. Umsögn yfirdýralæknis skal byggja á alþjóðlegu áhættumati studdu af stöðlum OIE og Codex og ekki síður ákvæðum SPS- samkomulags Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem Ísland er aðili að.

Í þessari reglugerð eru mismunandi vottorð talin upp sem þurfa að liggja fyrir, ef leyfa á innflutning, auk skriflegs leyfis landbúnaðarráðuneytis. Gögn þessi þurfa að liggja fyrir áður en til tollafgreiðslu kemur.

2. Vinnuaðferðir við afgreiðslu leyfa.

A) Soðnar vörur:

Í raun snýst eftirlit með þessum vörum um það hvort fram komi að varan sé soðin eða ekki.

Í þessum tilvikum er eftirlit með vottorðum tiltölulega einfalt þar sem sjálfgefið er að uppruna- og heilbrigðisvottorð fylgi með, auk þess að fram komi að vara sé soðin á þann hátt sem við á hverju sinni.



Innflytjendur, sem fengið hafa úthlutað tollkvótum fyrir hinar ýmsu vörutegundir, sem innihalda kjöt og mjólkurafurðir, koma/sendu tollskýrslu og vottorð til embættis yfirdýralæknis til staðfestingar á því að varan sé soðin, áður en hún er tollafgreidd.

Ferðamönnum er heimilt, að flytja til landsins soðin matvæli sbr. reglugerð um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna o.fl. Þetta þýðir í reynd að heimilt er að taka allt að 3 kíló af soðnum matvælum, með sér til landsins áður en tollar eru greiddir.

Óheimilt að senda matvörur í pósti til landsins, óháð því hvort varan er soðin eða ekki.

B) Hráar vörur:

Ferðamönnum er óheimilt að flytja til landsins hrátt kjöt og ógerilsneyddar mjólkurafurðir.

Við innflutning á hráum búfjárafurðum er ferlið eftirfarandi;

- 1.) Innflytjandi, sem fengið hefur úthlutað tollkvóta og þar með fengið heimild ráðuneytisins til innflutnings á tilteknu magni af hráu kjöti á sérstökum tollakjörum,
- 2.) sækir um leyfi til innflutnings til landbúnaðarráðuneytisins, sem aflar umsagnar embættis yfirdýralæknis,
- 3.) að fenginni jákvæðri umsögn yfirdýralæknis fær innflyjandi formlegt innflutningsleyfi, að því tilskyldu að
- 4.) öll tilskilin vottorð séu lögð fram og viðurkennd af embætti yfirdýralæknis og landbúnaðarráðuneytinu, áður en til tollafgreiðslu kemur.

Þegar óskað er innflutningsleyfis fer embætti yfirdýralæknis kerfisbundið yfir öll tilskilin vottorð, þau eru:

a) Opinbert uppruna- og heilbrigðisvottorð

Sjálfsögð krafa sem allir uppfylla.

Aldrei er leyfður innflutningur frá landi sem hefur haft A-sjúkdóm innan sinna landamæra síðustu 6 mánuði, skv. listum frá OIE.

Sú vinnuregla er viðhöfð að horft er til viðkomandi dýrategundar, þ.e.a.s. að enginn A-sjúkdómur finnist í landinu í viðkomandi dýrategund, eða öðrum dýrategundum sem geta tekið viðkomandi sjúkdóm.

Til að kanna þetta er stuðst við ársskýrslu OIE auk þess sem viðkomandi land er skoðað á heimasíðu OIE, þar sem vikulega eru skráð öll tilfelli A-sjúkdóma sem upp koma um allan heim eftir mánaðarskýrslum frá hverju landi. Auk þessa eru skoðaðar allar neyðartilkynningar sem berast frá OIE, bæði á faksi, í tölvupósti og í bréfum.

Varðandi B-sjúkdómana skv. listum OIE er málið mun flóknara. Því hefur sú vinnuregla verið viðhöfð allt frá árinu 1995 að embætti yfirdýralæknis framkvæmir áhættumat vegna viðkomandi innflutnings hverju sinni.

Lagt er mat á það hver áhættan sé við innflutninginn með tvennt í huga; hættu á að dýrasjúkdómar geti borist til landsins með viðkomandi afurð og hættu fyrir neytendur.

Sé niðurstaða áhættumats sú að hætta sé talin fyrir hendi er innflutningi hafnað.

b) Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum

Krafa sem takmarkar aðgengi að íslenskum mörkuðum f. ákveðnar afurðir eins og t.d. nautakjöt frá USA.



c) Vottorð sem staðfestir að vörurnar hafi verið geymdar við a.m.k. -18°C í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu

Vottorð um sjúkdóma í einhverju landi á ákveðnum degi geta hæglega verið orðin úrelt og hreinlega röng þegar tiltekin vara væri komin hingað til lands, eins og dæmi eru um. Einmitt af þessum sökum er í reglugerð ákvæði um að varan skuli hafa verið frosin í a.m.k. mánuð. Rétt er að minna á að þessi tími var stytur úr þrem mánuðum í einn 1999, þannig að þetta ákvæði er þegar búið að vera í okkar reglugerðum í 5 ár.

d) Opinbert vottorð sem staðfestir að dýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum, viðurkenndum af ESB, aðildarríkjum EES eða bandarískum stjórnvöldum, til útflutnings og / eða sölu innan þessara ríkjasambanda

Skýrir sig sjálf.

Felur í sér að ekki er heimilt að flytja búfjárafurðir til Íslands frá öðrum sláturhúsum / vinnslustöðvum en þeim sem hafa leyfi til útflutnings út úr ESB / EES eða Bandaríkjunum.

e) Opinbert vottorð sem staðfestir að afurðirnar séu lausar við salmonellusýkla

Sérstakt vottorð eða tiltekið í opinbera uppruna- og heilbrigðisvottorðinu (sjá a.) lið). Fylgir sömu reglum og t.d. Norðmenn og Svíar gagnvart ESB, þ.e.a.s. í samræmi við Council Decision 95/409/EC

Samantekt

- Að teknu tilliti til allra þeirra opinberu gagna sem fyrir liggja, (liðir a.-e. hér að ofan) um ákveðna tiltekna afurð í sendingu, er hverju sinni metið hvort hætta sé á að smitefni hættuleg íslenskum búfænaði eða fólki gæti borist með innflutningi þessara afurða.
- Umsögn embættis yfirdýralæknis er síðan byggð á bestu fáanlegum vísindalegum rökum sem alþjóðastofnanir standa að, auk trausts á því að viðkomandi opinber stjórnvöld geti staðið við það sem þau skrifa undir.
- Embætti yfirdýralæknis er falið það hlutverk að tryggja að smitefni geti ekki borist til Íslands með þeim afurðum sem taldar eru upp reglugerðinni.
- Samkvæmt reglugerð skal innflytjandi, þegar hann sækir um leyfi til innflutnings í 1. sinn, leggja fram til umsagnar allar nauðsynlegar upplýsingar um vöruna til athugunar og samþykkis áður en varan er send frá útflutningslandi.

EKKI er unnið eftir neinum landalistum, þ.e.a.s. öll lönd sitja við sama borð varðandi skilyrði til innflutnings á öllum þeim afurðum sem um er fjallað í reglugerðinni.

Það eru því ekki til neinar sértækar reglur fyrir ákveðin lönd, allir sitja við sama borð og lúta sömu forsendum við framkvæmd áðurnefnds áhættumats, sem unnið er í samræmi við alþjóðlega staðla OIE og SPS- samkomulagið.

Innflutningur á afurðum frá 3. ríkjum s.s. Nýja-Sjálandi og USA lýtur að sjálfsögðu þessum vinnuaðferðum til jafns á við innflutning frá aðildarlöndum ESB og EES.

Ljóst er að reglugerðin er séríslensk, sett með stoð í íslenskum lögum, sem ekki eru háð reglum EES vegna undanþágu Íslands frá Viðauka I í EES- samningnum, á sviði dýra- og dýraafurða.

**VIÐAUKI:****Tengsl embættis yfirdýralæknis við alþjóðlegt umhverfi / alþjóðlegar stofnanir.**

- Ísland er aðili að WTO og þar með SPS-samkomulaginu, WHO, OIE í París og Codex alimentarius í Róm.
- Þessar stofnanir og samningar leggja okkur ýmsar skyldur á herðar sem verður að uppfylla. Sérstaklega er e.t.v. SPS-samkomulagið mikilvægt í sambandi við það hvað má gera til að hindra viðskipti með landbúnaðarvörur.
- *Ísland er ekki í Evrópska efnahagssvæðinu hvað varðar lifandi dýr og búfjárafurðir, þannig að okkar lög og reglugerðir og ekki síður vinnuaðferðir taka meira tillit til ákvæða WTO og SPS-samningsins heldur en ESB.*
- Í SPS- samningnum eru ákvæði sem heimila hverju landi að ákveða hæfilegt varnarstig (appropriate level of protection), enda séu færð gild vísindaleg rök/sannanir fyrir þeim vörnum sem settar eru í löggjöf aðildarlandsins.
- Séu ekki vísindaleg rök fyrir hendi eru varnaraðgerðir ekki í anda samkomulagsins.
- Ef við ætlum einhliða að ákveða varnarstig, sem gengur lengra en viðurkenndir staðlar OIE og Codex gera ráð fyrir, verðum við annað hvort að gera það í ljósi þess að við treystum ekki okkar eigin innra kerfi eða að sýna fram á að við séum með öflugra kerfi en það sem alþjóðlega viðurkenndir staðlar skilgreina.

Gísli Sv. Halldórsson
dýralæknir inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða.
5. ágúst 2004